



Skipulags- og byggingarfulltrúi
Gaukur Hjartarson
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Húsavík, 10.sept 2021

Efni: Tillögur að breytingum á deiliskipulögum Miðhafnarsvæðis og Norðurhafnar á Húsavík

Byggðarráð Norðurbings, að tillögu skipulags- og framkvæmdaráðs, samþykkti á fundi sínum þann 22. júlí 2021 að kynna tillögur að breytingum á deiliskipulögum Miðhafnarsvæðis og Norðurhafnar á Húsavík skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingartillaga vegna deiliskipulags miðhafnarsvæðis felur í sér stækkun skipulagssvæðisins þannig að miðhafnarskipulagið taki yfir lóðir og viðlegukannta Naustagarðs og slíppsins (H3). Ennfremur gerir tillagan ráð fyrir að Hafnarstétt 1 og 3 verði tengd með viðbyggingu sem mun loka á umferðarleið milli húsanna sem skilgreind er í gildandi deiliskipulagi. Í stað þeirrar leiðar er gert ráð fyrir kvöð um nýja umferðarleið milli Hafnarstéttar 3 og Hafnarstéttar 5. Að auki felur tillagan í sér nokkrar minniháttar breytingar og leiðréttingar fyrra skipulags. Breytingartillagan er sett fram sem uppdráttur á einu blaði í blaðstærð A1 og greinargerð í blaðstærð A4. Breytingartillaga vegna deiliskipulags Norðurhafnar felur í sér að skipulagssvæðið minnkar frá gildandi skipulagi þar sem lagt er upp með að lóðir og viðlegukanntar á Naustagarði og lóð slíppsins (H3) fylgi hér eftir deiliskipulagi miðhafnarsvæðisins. Breytingartillagan er sett fram sem uppdráttur með greinargerð á einu blaði í blaðstærð A1.

HNE hefur kynnt sér tillögurnar, og gerir ekki athugasemdir við ofangreindar áætlanir.

Virðingarfyllst

Jóhannes H Hauksson
heilbrigðisfulltrúi.